

Kafli 4.1 – Auguste Comte

Spurningar úr efni bls. 59-62

1. Hver var meginhugmynd Comtes með pósitoífisma?
2. Hvað nefndi Comte rannsóknir sínar á samfélaginu áður en hann gaf þeim nafnið félagsfræði?
3. Hvað átti Comte við með því að tala um félagsleg hreyfiöfl í mannlegu samfélagi?
4. Hvernig er lögmál Comtes um þrjú stig í þróun þekkingar mannkyns?
5. Hvað á Comte við með að einstaklingurinn og samfélagið fari í gegnum sömu þróunarlögmál?
6. Hvers vegna þróaðist félagsfræðin síðar en aðrar fræðigreinar, að mati Comtes?
7. Hvað átti Comte við með hugtakinu félagslegur stöðugleiki og hvernig fór hann að því að útskýra þennan félagslega stöðugleika?
8. Hvers vegna eru fjölskyldan, kirkjan og grenndarsamfélagið (staðfélagið, þorpið, bæjarfélagið) kjarni samfélagsins að mati Comtes?
9. Hvað átti Comte við með því að samfélag væri miklu meira en bara samsafn af einstaklingum?
10. (Hópverkefni) Fjölskyldan er félagsleg stofnun og Comte taldi raunar að hún væri hin raunverulega félagslega eining sem hefði mikilvægu uppeldislegu hlutverki að gegna. Lýsið þessu uppeldislega hlutverki. Eru aðrar stofnanir í samfélaginu í dag sem fara líka með þetta uppeldislega hlutverk?